

Málning hf.
Dalvegi 18
201 Kópavogi

Reykjavík, 14. október 2021
UST202103-059/H.S.J.
08.09.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 24. júní sl. þar sem farið var fram á tímasetta úrbótaáætlun vegna þriggja frávíka sem komu fram í eftirliti stofnunarinnar með starfsemi Málningar hf., þann 16. apríl sl. Fjórða frávikinu var lokað í bréfi með eftirlitsskýrslu. Þann 22. ágúst sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Uppfæra skal áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar hafs og stranda á a.m.k. fjögurra ára fresti. Rekstraraðila var bent á í eftirliti 2019 að taka þyrfti til endurskoðunar og dagsetja áhættumat sem hefur verið í gildi síðan 2015, en það hefur ekki verið gert. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verður áhættumat og viðbragðsáætlun uppfært og gefið út í stýrðu gæðaskjali, sem hluti af gæðakerfi fyrirtækisins. Áætlað var að verkinu lyki eigi síðar en í febrúar 2022.**
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Ekki er heimilt að opin niðurföll séu í efnageymslu. Þó er heimilt að staðsetja niðurfall sem leitt er í setþró við innkeyrslu á hráefnisgeymslu, en tryggja skal að ekki renni af gólfi í hráefnisgeymslu í þetta niðurfall, t.d. með upphækkuðum kanti. Geymsla á ætandi efnnum skal tengjast lekavörn sem getur tekið við efnunum ef geymar gefa sig. Niðurfall við inngang er ekki varið og efni eru ekki geymd í lekaþró. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila þarf að útfæra úrbætur er snúa að niðurföllum fyrir utan hráefnageymslu þar sem upphækkaður kantur hindri aðgengi lyftara. Stefnt sé að því að loka niðurföllum í hráefnageymslu sem og að koma ætandi efnnum á vökvaformi fyrir í lekavörn. Áætluð verklok eru eigi síðar en í apríl 2022.**
3. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Skrá skal m.a. hitastig þar sem leysiefni eru geymd sbr. gr. 3.4. Skrá skal hitann a.m.k. einu sinni í viku og ef hitasveiflur verða. Hitastig í leysiefnageymslu hefur ekki verið skráð í samræmi við starfsleyfi. Frávik þessa efnis var einnig skráð 2018 og hefur rekstraraðili ekki staðið við úrbætur. **Tengja á hitamæli við sírita í hráefnageymslu. Stefnt er að því að vista lágmarks-, hámarks- og meðaltalsgildi hvers dags og vista í gagnagrunni. Áætlað er að úrbótum verði lokið á árinu 2021.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur